



UNIFEM Á ÍSLANDI

Ársskýrsla 2006



Þróun í þágu kvenna
allra hagar!

Efnisyfirlit

Um UNIFEM	3
Um UNIFEM á Íslandi	3
UNIFEM á alþjóðavettvangi.....	4
UNIFEM á Íslandi.....	5
Stjórn UNIFEM á Íslandi.....	5
Starfsemi og skrifstofa	5
Ný framkvæmdastýra.....	5
Verndari UNIFEM á Íslandi	6
Miðstöð SP.....	6
Félagar.....	6
Rekstur landsnefndarinnar	6
Fjáröflun og styrktarverkefni	7
Verkefni UNIFEM í Afganistan	8
Ofbeldissjóður UNIFEM	8
Alnæmisbörn – Candle Light Foundation í Úganda	9
Útgáfu- og kynningarmál	9
Tímaritið.....	9
Fréttabréfið CURRENTS.....	10
Fjölmíðlaumfjöllun	10
Fyrirlestrar og kynningar í framhaldsskólum	10
Viðburðir og félagsfundir.....	10
Opinn fundur með rithöfundinum Immaculée Ilibagiza 24. október	10
Kynjasjónarhorn á aðgengi og árangur í skólum í Eþíópíu 16. nóvember.....	10
Árlegur morgunverðarfundur UNIFEM 24. nóvember.....	10
Málþing UNIFEM í Háskólanum á Akureyri 24. nóvember.....	11
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.....	11
Opið hús 18. desember: Jólaglögg, piparkökur og bókaupplestur.....	12
Samstarf við höfuðstöðvar UNIFEM.....	12
Samstarf við aðrar landsnefndir	12
Samskipti við stjórnvöld	12
Samstarf við íslensku kvennahreyfinguna	13
Samstarf við önnur mannúðarsamtök í þróunarsamvinnu.....	13
Samstarf við Félagið Ísland – Palestína	13
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	13
Framtíðarsýn og starfið framundan	13

Um UNIFEM

UNIFEM er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. Hann var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu SP um málefni kvenna. Aðalskrifstofa UNIFEM er í höfuðstöðvum SP í New York en sjóðurinn heyrir undir Þróunaráætlun SP, UNDP. UNIFEM fer með umboð SP til að styðja verkefni sem miða að bættri stöðu kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið.

Samkvæmt þessu eru markmið UNIFEM:

- 1. Að efla efnahagslegt öryggi kvenna til að gera þeim kleift að tryggja sér og fjölskyldum sínum öruggt lífsviðurværi.**
- 2. Að efla þátttöku kvenna í stjórnun, pólitískri stefnumótun og ákvörðunarferli. Tryggja að konur komi að friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka.**
- 3. Að stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að öll mismunun gegn konum sé afnumin. Í því felst m.a. að vinna gegn hverskyns ofbeldi gegn konum.**
- 4. Að koma á auknu samstarfi milli kvennasamtaka, stjórnvalda, einkageirans og Sameinuðu þjóðanna á sviði jafnréttismála.**

UNIFEM trúir því að ef konur ná árangri, muni allt samfélagið ná árangri.

Um UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi var stofnað 18. desember 1989 en þann sama dag árið 1979 var samþykktur alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gagnvart konum (CEDAW). Félagið fagnaði því 17 ára afmæli sínu í desember 2006. UNIFEM á Íslandi er ein af 16 landsnefndum UNIFEM sem hafa að leiðarljósi að styðja og styrkja SP í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna víða um heim.

Samkvæmt þessu eru markmið UNIFEM á Íslandi:

- 1. Að kynna og auka áhuga almennings á starfsemi UNIFEM**
- 2. Að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti efnahags- og félagslegrar þróunar**
- 3. Að afla fjárframlaga frá hinu opinbera og einkaaðilum.**

Ársskýrsla þessi fjallar um starfsemi UNIFEM á Íslandi á tímabilinu janúar – desember 2006.

UNIFEM á alþjóðavettvangi

Eitt það helsta sem einkenndi stöðu UNIFEM árið 2006, á 30. starfsafmæli sjóðsins, var óvissa um framtíð hans vegna endurskoðunar á skipulagi Sameinuðu þjóðanna (SP). Fimmtán manna háttsett nefnd (*High Level Panel*) skipuð þjóðarleiðtogum og þungavigtarfólki í alþjóðasamfélaginu vann tillögur um endurbætur á skipulagi þróunar-, mannúðar- og umhverfismála hjá SP á árinu. Í byrjun voru hugmyndir uppi um að leggja niður UNIFEM eða sameina sjóðinn Þróunaráætlun SP (UNDP) eða Mannfjöldasjóð SP (UNFPA) með þeim rökstuðningi að samþætting kynjasjónarmiða ætti að vera stunduð alls staðar innan samtakanna og því ekki þörf fyrir sérstakan þróunarsjóð í þágu kvenna. Ekki voru allir sammála þessum rökstuðningi og fjöldi kvennasamtaka og annarra félagasamtaka beittu sér gegn hugmyndum um að leggja UNIFEM niður og bentu á að frekar ætti að auka vægi sjóðsins innan SP og leggja meiri fjármuni í starf samtakanna í jafnréttis- og kynjamálum. Einnig heyrðust mótbárum við þessar hugmyndir innan SP og má þar nefna skoðanir Stephan Lewis, sérstaks erindreka SP um alnæmi í Afríku. En Lewis fór ekki leynt með þá skoðun sína að aðeins væri hægt að taka á helstu vandamálum Afríku, eins og fátækt og útbreiðslu alnæmis, með því að auka fjárfestingar SP og alþjóðasamfélagsins í menntun, heilsu og réttindum kvenna og forsenda þess er öflugur og fjársterkur þróunarsjóður í þágu kvenna og kynjajafnréttis.

Háttsetta nefndin skilaði tillögum um úrbætur á skipulagi SP í nóvember. Helstu tillögur varðandi jafnréttis- og kynjamálin voru að auka ætti vægi málaflokksins innan SP og sameina UNIFEM, DAW (*Division for Advancement for Women*) og OSAGI (*Office of the Special Advisor on Gender Issues and the Advancement of Women*) í eina sterka og sjálfstæða einingu sem hefði saman vægi og stöðu eins og stærri sjóðir SP, eins og t.d. UNICEF og UNFPA. Einnig var tekið skýrt fram í tillögunum að SP og aðildarríkin yrðu að auka fjárframlög til málaflokksins og tryggja nægjanleg og stöðug rekstrar- og verkefnaframlög til hins nýja þróunarsjóðs í þágu kvenna og kynjajafnréttis.

Rétt er að taka það fram hér að aðeins er um tillögur að ræða og enn óljóst hvort aðildarríki SP samþykki þær óbreyttar. Samt sem áður eru tillögurnar ákveðinn sigur, sumir gætu sagt varnarsigur, fyrir alþjóðlega jafnréttisbaráttu því það hefur sýnt sig að samþætting jafnréttissjónarmiða í þróunarsamvinnu dugar ekki ein og sér meðan enn hallar mikið á konur á öllum sviðum samfélagsins. Ef tillögurnar verða að veruleika og stofnaður verður öflugur og fjársterkur þróunarsjóður í þágu kvenna og kynjajafnréttis fær jafnréttis- og mannréttindabarátta kvenna loksins þann pólitíska og fjárhagslega stuðning alþjóðasamfélagsins sem hefur vantað upp á starf UNIFEM síðastliðin 30 ár.

Staða og ásýnd landsnefnda UNIFEM styrktist einnig á árinu 2006, en landsnefndirnar eru nú 16 talsins. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið í að auka samvinnu milli landsnefndanna með samráðsfundum og auknum samskipum. Á fundi í Helsinki í maí var ákveðið að stofna alþjóðleg samtök landsnefnda UNIFEM, *Global Coalition of UNIFEM National Committees*, til að gera samstarfsnetið formlegt. Aukið samstarf hefur styrkt stöðu landsnefndanna og skilað sér í bættum samskiptum milli þeirra og höfuðstöðva UNIFEM í New York. Enn fremur hefur sterkari staða landsnefndanna gert þeim kleift að beita sér á markvissari hátt en áður. Þar ber hæst hvernig landsnefndirnar beittu sér í að hafa áhrif á tillögur um framtíð UNIFEM í tillögum um úrbætur á skipulagi SP. Landsnefndirnar skrifuðu sameiginlega ályktun þar sem kallað var eftir að vægi UNIFEM innan samtakanna yrði aukið. Landsnefndirnar komu síðan ályktuninni á framfæri við stjórnvöld í heimalandi sínu, sem og við fulltrúa nefndarinnar sem vann tillögur um úrbætur á skipulagi SP.

UNIFEM á Íslandi

Stjórn UNIFEM á Íslandi

Sautjándi aðalfundur UNIFEM á Íslandi var haldinn í Miðstöð SP að Laugavegi 42, hinn 16. febrúar 2006. Á fundinum urðu nokkrar breytingar á stjórn landsnefndarinnar.

Rósa Erlingsdóttir formaður, Lilja Hjartardóttir varaformaður og Brynhildur Einarsdóttir og Guðrún Rebekka Jakobsdóttir varamenn létu af stjórnarsetu. Edda Jónsdóttir var kosin sem formaður og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir sem varaformaður. Drífa Hrönn Kristjánsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir komu inn í aðalstjórn og Anna Lúðvíksdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir og Guðrún R. Jónsdóttir gáfu kost á sér í varastjórn. Áfram sátu í stjórn Elsa Guðmundsdóttir, gjaldkeri stjórnar og Amal Tamimi, Hrund Gunnsteinsdóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir og Magnea Marinósdóttir sem allar eru meðstjórnendur. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa flutti Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur og fráfarandi stjórnarkona UNIFEM erindi um stöðu kvenna í Afganistan.

Frekari breytingar urðu á stjórninni á haustmánuðum. Edda lét af formennsku er hún hélt utan til framhaldsnáms fyrr en áætlað hafði verið og tók Guðrún Margrét þá við sem formaður. Silja Bára var síðan kosin varaformaður á stjórnarfundum í október og Friðbjörg varð meðstjórnandi í aðalstjórn. Þegar Drífa hélt til starfa til Úganda í nóvember lét hún af stjórnarstörfum sem og að Amal óskaði eftir að draga sig til hlés vegna mikilla anna. Þess má einnig geta að tvær stjórnarkonur störfuðu á vegum Íslensku friðargæslunnar í Afganistan á árinu 2006, Jónína Helga til loka september er Magnea tók við stöðu hennar. Það er því óhætt að segja að stjórnin hefur ágæta þekkingu á og innsýn í aðstæður kvenna í Afganistan.

Helstu áherslur í starfi stjórnarinnar á árinu 2006 voru að halda áfram með stefnumótunar- og hugmyndavinnu fyrir nýjar fjáröflunarleiðir og að vinna við skipulagningu viðburða á vegum landsnefndarinnar. Sérstakur stjórnarfundur var haldinn í apríl þar sem drög að stefnumörkun landsnefndarinnar voru unnin. Stjórnin fundaði reglulega á starfsárinu og voru haldnir átta stjórnarfundir frá janúar til ársloka. Einnig hittist framkvæmdanefnd sem formaður, varaformaður og gjaldkeri skipa milli stjórnarfunda. Viss hefð hefur skapast að halda stjórnarfundum fyrsta eða annan laugardag mánaðarins yfir árbít.

Þrjár stjórnarkonur hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í nýja stjórn eins og fyrr segir en það eru meðstjórnendurnir Edda Jónsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir og Amal Tamini.

Starfsemi og skrifstofa

Megináherslur í starfi skrifstofu landsnefndarinnar fyrir utan venjulegan rekstur voru undirbúningur, skipulagning, framkvæmd og eftirfylgni funda og viðburða á vegum UNIFEM sem og viðburða sem voru skipulagðir í samráði við önnur samtök og stofnanir. Kynningar- og útgáfumál og uppfærsla heimasíðu var stór þáttur í starfi skrifstofunnar auk samstarfs og samskipta við íslensk stjórnvöld og við aðrar UNIFEM skrifstofur og landsnefndir. Einnig má geta þess að sú breyting átti sér stað síðsumars að byrjað var að færa bókhald landsnefndarinnar með reglulegum hætti í netbókhaldis og sér framkvæmdastýra um utanumhald og færslu bókhaldsins.

Ný framkvæmdastýra

Sjöfn Vilhelmsdóttir tók við starfi framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi um mitt ár er Birna Þórarinsdóttir, sem hafði gegnt starfinu frá 2004, lét af störfum og hélt utan til framhaldsnáms. Sjöfn er stjórn málafræðingur að mennt með meistaraþáttu í alþjóðafræðum og sérhæfði sig í mannréttinda- og þróunarmálum með sérstaka áherslu á málefni kvenna. Sjöfn hefur starfað að þróunar- og alþjóðamálum um árabil, m.a. sem sérfræðingur á aðalskrifstofu þróunarsamvinnustofnunar í Reykjavík, verkefnisstjóri stofnunarinnar í Namíbíu og sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Verndari UNIFEM á Íslandi

Ásdís Halla Bragadóttir tók að sér hlutverk verndara UNIFEM á Íslandi í maí 2006 og kemur til með að gegna hlutverkinu í tvö ár hið minnsta. Sem verndari mun Ásdís Halla koma fram fyrir hönd landsnefndarinnar og vekja almenning til vitundar um starfsemi UNIFEM og er hlutverk hennar sambærilegt hlutverki velgjörðarsendiherra UNIFEM ytra. Nicole Kindman leikkona sinnir því hlutverki. Fyrsta verkefni Ásdísar Höllu var að verkja athygli á verkefnum UNIFEM í Afganistan í fjölmiðlum í tengslum við kynningu á kvennahlaupinu í júní.

Miðstöð SP

Auk UNIFEM standa UNICEF og Félag Sameinuðu þjóðanna að rekstri Miðstöðvar SP á Laugavegi 42. Styrkur frá utanríkisráðuneytinu rennur í leigukostnað en öðrum rekstrarkostnaði skipta félögin á milli sín í hlutfalli við umfang starfseminnar. Elsa Guðmundsdóttir hefur átt sæti í hússtjórn Miðstöðvarinnar fyrir hönd UNIFEM. Samstarf félaganna þriggja hefur verið þeim til hagsbóta þar sem um er að ræða litlar starfseiningar í hverju félagi fyrir sig.

Félagar

Í lok ársins 2006 voru félagar UNIFEM 623 talsins, 597 konur og 25 karlar. Félag kvenna í atvinnurekstri eru einu félagasamtökin í UNIFEM á Íslandi. Áhugasamir geta skráð sig í félagið, ýmist sem almennan féлага (2.500 kr. árgjald), styrktarféлага (5.000 kr. árgjald) eða velunnara (10.000 kr. árgjald). Félagasamtök greiða 10.000 kr. árgjald í félagið.

Félögum hefur fjölgað um tæp 60% frá árinu 2004.

Rekstur landsnefndarinnar

Kostnaður vegna reksturs landsnefndarinnar var tæplega 7,9 milljónir króna, rekstrartekjur voru tæplega 7,7 milljónir og tap af rekstri félagsins var 211 þúsund krónur.

Starfsmannakostnaður var stærsti kostnaðarliðurinn í rekstrinum árið 2006 eða rétt rúmlega 4,5 milljónir króna. Skrifstofukostnaður nam um 559 þúsund krónur. Skráður kostnaður vegna leigu og rekstur húsnæðis er um 120 þúsund krónur en eins og fyrr hefur komið fram veitir utanríkisráðuneytið Miðstöð SP styrk vegna reksturs miðstöðvarinnar og var leiguhlutdeild UNIFEM greidd úr þeim sjóði þar til hann var upp urinn.

Ferðakostnaður var 483 þúsund krónur. Um er að ræða kostnað vegna ferða framkvæmdastýru á Kvennanefndarfund SP í febrúar sem um leið var nýttur til fundarhalda með höfuðstöðvum og landsnefndum UNIFEM. Einnig er um að ræða ferð á samráðsfund landsnefnda UNIFEM í Helsinki í maí sem bæði núverandi og fyrirverandi framkvæmdastýra sóttu.

Kostnaður vegna Tímarits UNIFEM 2006 var tæplega 30 þúsund krónur sem er mun lægri upphæð en árin áður. Landsnefndin samdi við útgáfufyrirtækið Hæfir um auglýsingasöfnun og dugðu auglýsingartekjurnar fyrir helstu útgjaldaliðum eins og fyrir hönnun og broti, prentun og dreifingu blaðsins.

Kostnaður vegna árlegs morgunverðarfundar sem haldinn var 24. nóvember og málþings í Háskólanum á Akureyri sama dag var enginn fyrir landsnefndina. Dýmætur stuðningur frá Icelandair og Flugfélagi Íslands í formi frímiða og góðs afsláttar á farmiðum fyrir fyrirlesara stórlækkaði kostnaðinn við viðburðina og síðan náði aðgangseyri á morgunverðarfundinn að dekkja önnur útgjöld.

Á árinu fékk UNIFEM á Íslandi 3 milljón króna rekstrarstyrk frá utanríkisráðuneytinu sem er stærsti einstaki tekjuliðurinn landsnefndarinnar á árinu 2006 og skipti sköpum fyrir reksturinn.

Einnig veitti utanríkisráðuneytið landsnefndinni 200 þúsund krónur í ferðastyrk til taka þátt í fyrrnefndum fundi Kvinnanefndar Sp í febrúar 2006, en framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi var einn af fjórum fulltrúum félagasamtaka í íslensku sendinefndinni á fundinum.

Annar mikilvægur og óvæntur styrkur upp á 583 þúsund krónur kom frá Glitni og starfsfólk hans sem hétu á UNIFEM á Íslandi í Reykjavíkumaraþoni bankans í ágúst. Landsnefndin er Glitni og starfsfólki hans afar þakklát fyrir þennan dýrmæta stuðning.

Tekjur af félagsgjöldum voru tæplega 1,1 milljón króna og hækkuðu um 25% milli ára. Aukningin er í samræmi við fjölgun félaga á árinu 2006 og góðar heimtur félagsgjalda.

Aðrar rekstrartekjur landsnefndarinnar komu frá námskeiðahaldi um jafnréttismál og kynjasjónarmið fyrir nýliða Íslensku friðargæslunnar, sölu UNIFEM-varnings, af vaxtatekjum og 15% umsýsluþóknun við fjáröflun sem landsnefndinni er leyfilegt að taka af söfnunarfé samkvæmt samningi við UNIFEM í New York.

Það er rétt að geta þess að óbein framlög til landsnefndarinnar voru töluverð á árinu þar sem fyrirtæki gáfu vörur eða þjónustu, eins og t.d. farmiða fyrir fyrirlesara og nýjan tölvubúnað fyrir skrifstofu landsnefndarinnar metinn á 300 þúsund krónur. Þar sem þessu framlög voru í formi gjafa en ekki peningaframlags koma þau ekki fram í ársreikningi.

Eignastaða landsnefndarinnar var rúmlega 4 milljónir króna í lok árs 2006.

Fjáröflun og styrktarverkefni

Árið 2005 ákvað utanríkisráðuneytið að frá og með árinu 2006 mundi ráðuneytið senda verkefnisframlög íslenskra stjórnvalda til UNIFEM beint til UNIFEM í New York án milligöngu landsnefndarinnar. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við landsnefndina í kjölfar stóraukins stuðnings íslenskra stjórnvalda við UNIFEM.

Í framhaldi af þessari ákvörðun utanríkisráðuneytisins hóf landsnefndin að leita leiða til að virkja einkageirann í starf UNIFEM. Hér er um að ræða mjög metnaðarfulla ákvörðun hjá íslensku landsnefndinni þar sem einkageirinn hefur tekið lítinn þátt í starfi UNIFEM í gegnum árin og hefur sjóðurinn treyst á framlög stjórnvalda aðildarríkja Sp. UNIFEM í New York hefur ekki haft bolmagn til að markaðssetja málstað sjóðsins og eru höfuðstöðvarnar ekki í aðstöðu til að styðja eða leiðbeina landsnefndunum hvað varðar markaðsefni eða fjármögnunarleiðir. Ákvörðun landsnefndarinnar er því ákvörðun um að leggjast í frumkvöðlastarf við að markaðssetja alþjóðlega jafnréttisbaráttu kvenna sem verðugt málefni til að styðja og þannig höfða til íslenskra fyrirtækja sem hafa áhuga að styrkja góðgerðarmálefni.

Íslenska landsnefndin hafði á árinu frumkvæðið að því að leita til athafnakvenna í íslensku viðskiptalífi og mótaði eins konar ráðgjafarhóp sem hefur það hlutverk að veita landsnefndinni ráðleggingar um hvernig best er að markaðssetja þau málefni sem UNIFEM vinnur að og fá stuðning einkageirans við þau. Ráðgjafarhópurinn fundaði tvisvar sinnum með landsnefndinni síðla árs og fram komu góðar hugmyndir um breyttar áherslur í kynningar- og fjáröflunarmálum.

Undir lok ársins voru blikur á lofti um að góður árangur hafi náðst í að virkja einkageirann í starf UNIFEM því þá höfðu tvö fyrirtæki, fjármálafyrirtækið Glitnir og prentfyrirtækið Gutenberg sýnt áhuga á samstarfi við landsnefndina.

Á árinu 2006 stóð landsnefndin fyrir einum stórum fjáröflunarviðburði í tengslum við Kvinnahlaup ÍSÍ í júní til styrktar konum í Afganistan, auk þess sem tekið var á móti framlögum frá einstaklingum í Ofbeldissjóð UNIFEM.

Verkefni UNIFEM í Afganistan

UNIFEM hóf undirbúning að uppbyggingarstarfi með konum strax að loknu falli Talibana-stjórnarinnar í Afganistan árið 2002. Markmið UNIFEM í Afganistan er að efla réttindi kvenna, stuðla að jafnrétti kynjanna og bæta getu og leiðtogaþæfileika kvenna til að tryggja þeim þátttöku í félagslegri, efnahagslegri og stjórnmálalegri endurreisn lands síns. UNIFEM leggur áherslu á að vinna með innlendum konum á þeirra forsendum. Verkefnin í Afganistan eru fjölmörg en eitt stærsta og mikilsverðasta verkefnið er án efa uppbygging kvennamiðstöðva UNIFEM. Miðstöðvarnar eru nú 11 talsins og eru starfræktar víðsvegar um landið. Kvennamiðstöðvarnar veita fjölbreytta þjónustu og fræðslu sem konur í Afganistan hafa haft litla möguleika á fram að þessu. Þar má nefna fullorðinsfræðslu, leiðtogaþjálfun, smálánþjónustu, verkmenntun, sálgæslu, heilsugæslu og ungbarnaeftirlit. Kvennamiðstöðvarnar gegna einnig mikilvægu hlutverki í daglegu líf kvennanna því þær gefa konunum vettvang til að hittast, kynnast og ráða ráðum sínum. Í sumum miðstöðvum er líka boðið upp á dagvistun barna meðan mæður þeirra sinna náminu.

Kvennamiðstöðvarnar hafa mælst mjög vel fyrir meðal afganskra kvenna. Í byrjun árs 2006 höfðu 12 þúsund konur nýtt sér þjónustuna og námið frá árinu 2003 og hafði mikil fjölgun átt sér stað milli ára. Um 50% kvennanna sem koma reglulega í miðstöðvarnar hafa tekið þátt í stofnun samvinnu- og smáfyrirtækja með aðstoð smálánabanka eins og Grameen bankans. Konur hafa nýtt sér smálánin, sem nema oftast 1.500 – 3.500 krónum, til að: a) kaupa búfé, b) stofnsetja bakarí, sultugerð, og sápuogerð, c) byrja með kjúklingarækt og býflugnarækt og d) stofnsetja saumastofur og skógerð. Dæmi um góðan árangur í fyrirtækjarekstri kvennanna má nefna að 10 saumakonur í Kabúl fengu ítalskan tiskuhönnuð til liðs við sig til að hanna fatalínu sem vakti mikla athygli og lukku meðal afganskra kvenna.

Samstarf við Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ

Landsnefndin og kvennahlaupsnefnd ÍSÍ gengu til samstarfs árið 2006 um kvennahlaupið, sem kennt er við Sjóvá, árið 2006. Markmið samstarfsins var að vekja athygli á starfi UNIFEM í þágu kvenna, sérstaklega í Afganistan, og hvetja íslenskar konur til að sýna samstöðu með mannréttindum kvenna um leið og þær efla eigin heilsu. Yfirskrift kvennahlaupsins var *Hvert skref skiptir máli* og tóku um 12 þúsund konur um allt land þátt í hlaupinu. Ákveðið var að 50 krónur af hverjum seldum kvennahlaupsbol rynnu til kvennamiðstöðva UNIFEM í Afganistan og söfnuðust þannig 444 þúsund krónur.

Bleik UNIFEM-armbönd

Samhliða kvennahlaupi ÍSÍ stóð landsnefndin fyrir sölu á bleikum UNIFEM-armböndum til styrktar konum í Afganistan. Armböndin voru seld þar sem kvennahlaupið fór fram, í verslunum og líkamsræktarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess voru nokkur íþróttarfélög landsnefndinni innan handar við sölna úti á landsbyggðinni. Um 683 krónur söfnuðust og rennur ágóðinn til kvennamiðstöðva UNIFEM í Afganistan.

Alls söfnuðust rúmlega 1,1 króna til styrktar konum í Afganistan og rennur framlagið til kvennamiðstöðvanna UNIFEM þar landi.

Þess má geta að íslensk stjórnvöld lögðu 75 þúsund bandaríkjadala (um 5,2 milljónir króna) til verkefna UNIFEM í Afganistan á árinu 2006.

Ofbeldissjóður UNIFEM

Á vegum UNIFEM er starfræktur *Ofbeldissjóður* sem komið var á fót í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Beijing árið 1995, en markmið hans er að vekja athygli á og útrýma ofbeldi gegn konum í hvaða mynd sem það birtist. Sjóðurinn styrkir margvísleg verkefni víða um heim sem miða að því að rjúfa þögnina sem ríkir um ofbeldi gegn konum, koma í veg fyrir ofbeldisverk og draga hina seku til ábyrgðar. Sem dæmi um tegund verkefna sem Ofbeldissjóðurinn styrkir eru aðgerðir til að auka menntun kvenna, til að upplýsa og koma á samstarfi við lögreglu, löggjafa og dómsvaldið og að mennta heilsugæslufólk til að takast á við vandamál ofbeldis. Tilkynnt er um styrkþega Ofbeldissjóðsins á Alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi hinn 25 nóvember ár hvert. Ofbeldissjóðurinn er rekinn með frjálsum

framlögum frá ríkisstjórnnum, landsnefndum UNIFEM og einstaklingum. Þrátt fyrir töluverða aukningu á fjárframlögum til sjóðsins á síðustu árum þá getur hann enn einungis stutt lítinn hluta þeirra umsókna sem berast á hverju ári.

Ofbeldissjóðurinn úthlutaði 3,5 milljónum bandaríkjadala til 28 verkefna í 20 löndum árið 2006. Sérstök áhersla var lögð á að styrkja verkefni með snúa að löggjöf og stefnumótun sem beint er gegn kynbundnu ofbeldi og þjálfun og fræðslu fyrir dómara og lögregluþyrirvöld. Einnig styrkti sjóðurinn uppbyggingu félagasamtaka og fræðsluherferðir sem miða að því að rjúfa þögnina sem ríkir um ofbeldi gegn konum og koma í veg fyrir ofbeldisverk. Aldrei fyrr hefur Ofbeldissjóðurinn úthlutað hærri upphæð en árið 2006 og er um að ræða tæplega tvöföldun á styrktarframlögum sjóðsins frá árinu 2005 og fjórföldun frá 2004.

Fjársöfnun landsnefndarinnar fyrir Ofbeldissjóðinn árið 2006 fólst í að afla fjárframlaga frá almenningi. Einstaklingar geta nú skráð sig sem styrktaraðila Ofbeldissjóðsins á heimasíðu landsnefndarinnar, annaðhvort skráð sig fyrir föstum greiðslum eða stöku framlagi. Einnig er vert að segja frá ákvörðun þingsflokks Samfylkingarinnar um að styrkja Ofbeldissjóðinn um 10 þúsund krónur í stað þess að kaupa „hefðbundna“ afmælisgjöf handa Arnþjórgu Sveinsdóttur, þingsflokksformanni Sjálfstæðisflokksins. Þegar við bætast framlög frá einstaklingum á árlegum morgunverðarfundum landsnefndarinnar og önnur stök framlög þá söfnuðust um 130 þúsund krónur fyrir Ofbeldissjóðinn á árinu 2006.

Þess má geta að íslensk stjórnvöld lögðu 100 þúsund bandaríkjadala (um 7 milljónir króna) til Ofbeldissjóðsins árið 2006 sem var um fimmtungur af beinu fjárframlagi þeirra til UNIFEM það árið.

Alnæmisbörn – Candle Light Foundation í Úganda

Á stjórnarfundum landsnefndarinnar í nóvember 2004 var ákveðið að styðja verkefni Alnæmisbarna í Úganda, *Candle Light Foundation*, um 200 þúsund krónur á ári til fimm ára og var önnur greiðslan afhent á árinu 2006. Markmið verkefnisins er að hjálpa ungum stúlkum í Kampala sem eiga um sárt að binda vegna alnæmisfaraldursins að hefja nýtt líf. Margar þeirra hafa lent á götunni, oft í vændi og fíkniefnaneyslu, og því hvergi átt höfði sínu að halla. Með því að gefa stúlkunum tækifæri til þess að starfa við kertagerð hluta úr degi og að stunda nám hafa þær getað endurreist líf sitt. Framlag UNIFEM á Íslandi hefur verið notað til að standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslunámskeið fyrir stúlkurnar en þar er boðið er upp á kennslu í lestri og skrift, stærðfræði, ritvinnslu og hannyrðum.

Útgáfu- og kynningarmál

Tímaritið

Tímarit UNIFEM á Íslandi 2006 kom út undir lok ársins og var helgað umfjöllun um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og fjallar m.a um þátttöku einkageirans í þróunaraðstoð, þróunaraðstoð til fátækustu ríkjanna, kvennastefnu Calvert fjárfestingasjóðsins og hnattrænan samning SP um viðskiptasiðferði. Auk þess ræðir Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugur Group, um styrktarsjóð fyrirtækisins og Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir frá nýjum áherslum sjóðsins um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar. Í blaðinu er einnig að finna greinar og viðtöl sem segja frá starfi UNIFEM og landsnefndarinnar á Íslandi. Ritstýra Tímaritsins er Jónína Helga Þórólfsdóttir og hægt er að nálgast tímaritið á heimasíðu UNIFEM á Íslandi, www.unifem.is

Líkt og síðastliðin ár var töluverðu kostað til útgáfu Tímaritsins hvað varðar hönnun, prentun og dreifingu auk þess sem ritstjóri hlaut þóknun fyrir vinnu sína. Hins vegar náðust góðir samningar við útgáfufyrirtækið Hæfir sem sá um auglýsingasöfnun í tímaritið þannig að útgjöld landsnefndarinnar vegna útgáfunnar voru innan við 30 þúsund krónur.

Fréttabréfið CURRENTS

Með aðstoð þriggja sjálfboðaliða var hægt standa fyrir útgáfu fréttabréfsins fyrri hluta árs 2006. Fréttabréfin eru með fréttum af starfi UNIFEM um allan heim, þau eru þýdd á íslensku og leggur landsnefndin þar með dýrmæt lóð á vogarskálar íslenskrar umræðu um þróunarmál. Aðstoð sjálfboðaliðananna naut ekki við seinni hluta ársins og var reynt að leita annarra leiða til að fá aðstoð við þýðingar á fréttabréfinu en án árangurs. Þess vegna, auk mikilla anna á skrifstofu landsnefndarinnar, voru því aðeins send tvö fréttabréf með tölvupósti til félaga UNIFEM á Íslandi á árinu. Fréttabréfin voru einnig birt á heimasíðu félagsins.

Fjölmiðlaumfjöllun

Töluverð umfjöllun var í fjölmiðlum um viðburði á vegum eða í tengslum við UNIFEM á árinu. Þar ber hæst að nefna samstarf UNIFEM við Sjóvá kvennahlaup ÍSÍ og þátttöku landsnefndarinnar í 16 daga átakinu. Töluvert var fjallað um starf UNIFEM í Afganistan í aðdraganda kvennahlaupsins sem og árlegur morgunverðarfundur landsnefndarinnar vakti mikla athygli. Óhætt er að segja að fjölmiðlar sýndu UNIFEM og landsnefndinni almennt mikinn áhuga á árinu og sagt var frá starfi og verkefnum samtakanna á síðum dagblaðanna og í útvarpi og sjónvarpi.

Fyrirlestrar og kynningar í framhaldsskólum

Á árinu 2006, rétt eins og undanfarinn ár, var nokkuð um að framkvæmdastýra landsnefndarinnar væri beðin um að vera með kynningu á starfi UNIFEM og fyrirlestra um helstu viðfangsefni samtakanna í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Viðburðir og félagsfundir

Opinn fundur með rithöfundinum Immaculée Ilibagiza 24. október

Landsnefndin, í samstarfi við JPV útgáfu, hélt opinn fund með rúandíska rithöfundinum Immaculée Ilibagiza í tengslum við útgáfu bókar hennar, *Ein til frásagnar*. Í fyrirlestri sínum sagði Ilibagiza, sem er Tútsi, frá ótrúlegri lífsreynslu sinni meðan á þjóðarmorðunum í Rúanda stóð árið 1994 og hvernig henni tókst að byggja upp líf sitt á ný og takast á við sorgina þegar átökunum lauk. Fundur var haldinn á degi SP í miðstöð samtakanna við húsfylli en koma Ilibagiza til landsins vakti mikla athygli. Fundurinn var vel kynntur í fjölmiðlum og á meðal félagsmanna UNIFEM.

Kynjasjónarhorn á aðgengi og árangur í skólum í Eþíópíu 16. nóvember

Samtökin Afríka 20:20 og UNIFEM á Íslandi boðuðu til málfundar á ensku með Dr. Emebet Mulugeta, 16. nóvember í Miðstöð SP að Laugavegi 42. Á fundinum ræddi Dr. Mulugeta rannsóknir sínar á kynjamun í aðgengi og árangri nemenda í eþíópíska skólakerfinu og greindi frá helstu ástæðum þess að staða stúlkna/kvenna er verri en pílta/karla. Um 20 manns mætti á fundinn sem fylgdi rabbfundarsniði og þannig gafst þátttakendum gott tækifæri til að leggja fyrir spurningar og skiptast á skoðunum.

Árlegur morgunverðarfundur UNIFEM 24. nóvember

Föstudaginn 24. nóvember stóð landsnefndin fyrir árlegum morgunverðarfundum sínum á Hótel Loftleiðum. Yfirskrift fundarins í ár var *Kynjuð friðaruppbygging: UNIFEM og friðargæsla*. Aðalfyrirlesari fundarins var Bjarney Friðriksdóttir, mannréttindafræðingur, sem flutti erindi um mikilvægi kynjasjónarmiða við friðaruppbyggingu, ályktun 1325 og reynslu sína sem starfsmaður Íslensku friðargæslunnar við verkefni UNIFEM á Balkanskaga á árunum 2003 til 2006. Bjarney ræddi einnig hlutverk íslenskra stjórnvalda í verkefnum UNIFEM á Balkanskaga og aðkomu UNIFEM á Íslandi að þeim.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Ásdís Halla Bragadóttir verndari UNIFEM á Íslandi ávörpuðu einnig fundinn.

Í erindi sínu tilkynnti utanríkisráðherra um ákvörðun sína að láta hefja vinnu að gerð rammasamnings til að efla og formgera samstarfið milli utanríkisráðuneytisins og UNIFEM á Íslandi. Þessi ákvörðun er mikil viðurkenning á starfi og framlagi landsnefndarinnar og er stefnt að því að ganga frá samningum í byrjun árs 2007. Einnig tilkynnti ráðherra að Íslenska friðargæslan hefði ákveðið að fjölga friðargæsluliðum sem starfa við verkefni á vegum UNIFEM. Ákveðið hefur verið að senda friðargæsluliða til að starfa við verkefni UNIFEM í Líberíu og bæta við friðargæsluliða við verkefni UNIFEM á Balkanskaga og verða því tvær stöður þar. Verkefni UNIFEM í Líberíu og á Balkanskaga miða að uppbyggingu stjórnsýslu og jafnréttismála, en þess má geta að fyrsta konan til að vera lýðræðislega kjörin þjóðhöfðingi Afríku er Ellen Johnson Sirleaf sem tók við forsetaembætti Líberíu í janúar 2006.

Morgunverðarfundurinn markaði upphafið að *16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi* sem var haldið hér á landi í þriðja sinn. Á fundinum var gerð grein fyrir úthlutun Ofbeldissjóðs UNIFEM fyrir árið 2006 og tekið við frjálsum framlögum í sjóðinn og söfnuðust 9 þúsund krónur. Morgunverðarfundurinn var vel sóttur og fékk góða athygli í fjölmiðlum, í dagblöðunum, útvarpi og fréttum Sjónvarpsins.

Málþing UNIFEM í Háskólanum á Akureyri 24. nóvember

Landsnefndin stóð fyrir málþingi í Háskólanum á Akureyri síðdegis 24. nóvember. Yfirskrift málþingsins var *Kynjuð friðaruppbygging: UNIFEM og friðargæsla*, rétt eins á morgunverðarfundinum fyrir um daginn. Á málþinginu flutti Bjarney Friðriksdóttir erindi sitt um mikilvægi kynjasjónarmiða við friðaruppbyggingu, ályktun 1325 og reynslu sína sem starfsmaður Íslensku friðargæslunnar við verkefni UNIFEM á Balkanskaga. Hreiðar Eiríksson, fyrrum starfsmaður Ríkislögreglustjóra í friðargæslu SP í Bosníu, sagði frá störfum sínum í Bosníu í erindi sínu um mansal á Balkanskaga. Einnig flutti framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi kynningu um helstu áherslur í starfi UNIFEM. Að lokum ávarpaði Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, fundinn. Málþingið var mjög vel sótt og þótti heppnast afar vel. Tveir nemendur í Háskólanum á Akureyri og starfsnemar hjá landsnefndinni, þau Kári Fannar Lárusson og Þuríður Jónasardóttir, sáu um undirbúning og skiplaginu málþingsins og þakkar UNIFEM á Íslandi þeim fyrir vel unnin störf.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Landsnefnd UNIFEM í samstarfi við á fjórða tug samtaka og stofnana stóð að 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi dagana 25. nóvember til 10. desember 2006, í þriðja sinn hér á landi. Ákveðið var að hafa morgunverðarfund og málþing UNIFEM degi fyrir þar sem 25. nóvember, Alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum, bar upp á laugardag og má því segja að átakið hafi hafist 24. nóvember. Yfirskrift átaksins árið 2006 var *16 dagar í 16 ár: eflum mannréttindi - stöðvum ofbeldi gegn konum* og var tileinkað mannréttindafrömuðum sem hafa tekið þátt í 16 daga átaki og þeim sem hafa þurft að þola ofsóknir og ofbeldi vegna starfs síns að jafnréttismálum og jafnvel látið lífið. Litið var yfir farinn veg og þess minnst hvaða árangur hefur náðst í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi um allan heim ásamt því að endurskoða hvaða leiðir eru best fallnar til að halda baráttunni áfram.

Dagskrá átaksins var mjög metnaðarfull að vanda og samanstóð af margvíslegum viðburðum sem miðuðu að vekja athygli almennings á orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis. Einnig stóð félagsmálaráðherra fyrir blaðamannafundi þar sem ný aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimili og kynferðisofbeldis var kynnt. Tilkoma aðgerðaráætlunarinnar er eitt skýrasta dæmið um góðan árangur 16 daga átaksins, en árið 2004 afhentu fulltrúar átaksins stjórnvöldum áskorun þar sem yfirvöld voru hvött til þess að setja fram heildstæða aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Þau samtök og stofnanir sem stóðu að átakinu árið 2006 voru: Alnæmisbörn, Alnæmissamtökin á Íslandi, Amnesty International á Íslandi, Barnaheill, Blátt áfram, Bríet félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, félagsmálaráðuneytið, Forma, Jafningafræðsla Hins hússins, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvennaráðgjöfin, Kvennasögusafnið, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðguna, Prestur innflytjenda,

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Rauði Kross Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvennaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Styrkur – úr hlekkjum til frelsis, UNICEF á Íslandi, UNIFEM á Íslandi, V-dagssamtökin, Zonta á Íslandi og Þjóðkirkjan.

Opið hús 18. desember: Jólaglögg, piparkökur og bókaupplestur

Einkar skemmtilegt og vel heppnað afmælishóf var haldið í tilefni 17 ára starfsafmæli landsnefndarinnar hinn 18. desember þar sem stjórn, félagsmenn og fyrrum stjórnarkonur komu saman til að fagna góðum árangri í starfi UNIFEM. Rithöfundurinn og blaðakonan Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir kom í heimsókn og las uppúr nýútkomni bók sinni um stjórnmalakonuna Margréti Frímansdóttur og gestir hresstu sig á jólaglög og öðrum veitingum.

Samstarf við höfuðstöðvar UNIFEM

Landsnefndin átti í reglulegum samskiptum við höfuðstöðvar UNIFEM í New York á árinu. Framkvæmdastýra fundaði með starfsmönnum höfuðstöðvanna í kringum fundi kvennanefndar SP, átti í reglulegu síma- og tölvupóstsambandi við tengilið landsnefndanna í New York og hitti aftur á fundi í Helsinki í maí.

Samstarf við aðrar landsnefndir

Íslenska landsnefndin átti gott samstarf við aðrar landsnefndir UNIFEM á árinu 2006, en þær eru nú 16 talsins. Átta landsnefndir funduðu í New York í febrúar, í tengslum við árlegan fund kvennanefndar SP, til að ræða stöðu landsnefndanna innan UNIFEM. Í maí var haldinn annar fundur í Helsinki þar sem mættir voru fulltrúar sex landsnefnda í Evrópu og landsnefndar Bandaríkjanna auk yfirmanns upplýsinga- og samstarfsmála hjá UNIFEM í New York. Á fundinum var ákveðið að stofna alþjóðleg samtök landsnefnda UNIFEM, *Global Coalition of UNIFEM National Committees*, til að gera samstarfsnetið formlegt. Landsnefndirnar samþykktu ályktun um framtíð UNIFEM í tengslum við endurbætur á skipulagi SP þar sem kallað er eftir að vægi UNIFEM innan samtakanna yrði aukið. Í framhaldi af fundinum komu landsnefndirnar ályktuninni á framfæri við stjórnvöld í heimalandi sínu, sem og við fulltrúa nefndar sem vinnur tillögur um úrbætur á skipulagi SP. Á Helsinkifundinum voru samskipti landsnefndanna við höfuðstöðvarnar einnig rædd og lagðar fram tillögur um úrbætur í þeim málum.

Samskipti við stjórnvöld

Landsnefndin hefur átti töluverð samskipti við stjórnvöld og ráðuneyti utanríkismála á árinu 2006, auk ágætis samskipta við fastanefnd Íslands í New York sem annast forsvar gagnvart höfuðstöðvum UNIFEM þar.

Óhætt er að tala um góðan árangur af samstarfi UNIFEM á Íslandi við utanríkisráðuneytið þar sem landsnefndin hefur undanfarin ár þrýst á að opinber framlög til verkefna UNIFEM verði aukin og að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi við friðargæslustörf. Á síðustu 2 – 3 árum hafa opinber framlög Íslands til UNIFEM stóruaukast og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2007 verða bein framlög til UNIFEM um 48 milljónir króna sem er 40% aukning frá 2006. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra lýsti yfir á Allsherjarþingi SP á haustmánuðum að Ísland vildi auka vægi UNIFEM innan samtakanna og boðaði frekari aukningu á framlagi Íslands til sjóðsins. Yfirlýsingar ráðherrans í Allsherjarþinginu vakti mikla athygli og ánægju hjá UNIFEM, bæði hjá íslensku landsnefndinni og í höfuðstöðvum í New York, sem og ákvörðun utanríkisráðherra um nýjar áherslur í starfi Íslensku friðargæslunnar sem miða að því að auka hlut kvenna, bæði hvað varðar verkefnaval og ráðningu friðargæsluliða.

Eins og áður hefur verið vikið að þá tilkynnti utanríkisráðherra á árlegum morgunverðarfundi UNIFEM í nóvember um gerð rammamsamnings við landsnefndina og tvær nýjar íslenskar friðargæslustöður í verkefnum UNIFEM á Balkanskaga og í Líberíu. Þessar ákvarðarnir utanríkisráðuneytisins eru í samræmi við yfirlýsingar ráðherrans um aukið vægi UNIFEM og

áherslubreytingar innan Íslensku friðargæslunnar. Rammasamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndarinnar verður undirritaður í byrjun árs 2007 og er mikil viðurkenning á starfi landsnefndarinnar og starfi UNIFEM um allan heim.

Landsnefndin átti gott samstarf við Íslensku friðargæsluna á árinu við að auka vægi jafnréttis- og kynjasjónarmiða við þjálfun nýrra friðargæsluliða. Landsnefndin þróaði námsefni, setti saman kennslugögn og hélt þrjú námskeið um jafnréttis- og kynjasjónarmið við friðaruppbyggingu fyrir nýliða friðargæslunnar á árinu.

Einnig er vert að nefna ákvörðun utanríkisráðuneytisins að taka þátt í svokölluðu ungliðaverkefni (Junior Professional Officer Programme) á vegum SP á árinu að greiða fyrir stöðu verkefnisfulltrúa (Junior Professional Officer – JPO) hjá UNIFEM. Á haustmánuðum hélt Hildur Fjóra Antonisdóttir, mann- og kynjafræðingur, til starfa sem verkefnisfulltrúi á svæðisskrifstofu UNIFEM í Karabíska hafinu á Barbados og er miðað við ráðningu til eins árs.

Árið 2006 skilaði landsnefndin þremur umsögnum til Alþingis. Í janúar skilaði landsnefndin umsögn um frumvarp um hegningarlög um heimilisofbeldi, í apríl umsögn um þingsályktunartillögu um skipan nefndar sem mótar stefnu á sviði þróunaraðstoðar Íslands og síðan í byrjun maí umsögn um breytingar á almennum hegningarlögum um kynferðisafbrot.

Samstarf við íslensku kvannahreyfinguna

Landsnefndin átti á árinu 2006 gott samstarf við íslensku kvannahreyfinguna eins og undanfarin ár. Hæst ber að nefna 16 daga átakið sem áður hefur verið vikið að auk tillögugerðar til stjórnarskrárnefndar en landsnefndin tók virkan þátt í mótun og kynningu sameiginlegra tillagna kvannahreyfingarinnar um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Þá tók landsnefndin einnig virkan þátt í átakinu *Málum bæinn bleikan* 19. júní.

Samstarf við önnur mannúðarsamtök í þróunarsamvinnu

Landsnefndin hefur tekið þátt í samstarfi íslenskra mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu á árinu. Samstarfið er hugsað sem vettvangur fyrir samtökin til að vinna að hagsmunamálum sínum, skiptast á upplýsingum og skipuleggja viðburði til gera starf og verkefni samtakanna sýnilegri í íslenskri þróunarsamvinnu. Í desember hófst undirbúningur fyrir ráðstefnu um hlutverk félagasamtaka í þróunarsamvinnu sem haldin verður 23. mars 2007 og situr framkvæmdastýra landsnefndarinnar í fjöggura manna undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna.

Samstarf við Félagið Ísland – Palestína

Landsnefnd UNIFEM og Félagið Ísland – Palestína tóku höndum saman til að vekja athygli á stöðu kvenna í hertekinni Palestínu og stóðu fyrir fjársöfnunarátaki. Átakið hófst formlega 25. maí með tónleikum á Grand rokk þar sem fjórar hljómsveitir og plötusnúðurinn Mr. Silla komu fram. Rúmlega 110 þúsund krónur söfnuðust í aðgangseyri og sölu á varningi á tónleikunum og rann ágóðinn til Bisan rannsóknar- og þróunarsetursins í Ramallah og til palestínskra kvennasamtaka á herteknu svæðunum sem starfa á sviði mannúðar- og mannréttindamála.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

UNIFEM á Íslandi er eitt ellefu aðildarfélaga Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar UNIFEM í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar fram að aðalfundi skrifstofunnar í desember 2006 voru Amal Tamimi, aðalfulltrúi, og Magnea Marinósdóttir, varafulltrúi, en þá tóku við Sjöfn Vilhelmsdóttir, framkvæmdastýra, sem aðalfulltrúi og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, formaður, sem varafulltrúi.

Framtíðarsýn og starfið framundan

UNIFEM á Íslandi stendur á styrkum grunni og hefur skýra framtíðarsýn. UNIFEM á Íslandi beitir sér í jafnréttis- og mannréttindabaráttu kvenna á alþjóðavettvangi og nýtir sér kraftinn í íslensku kvannahreyfingunni og góða samvinnu með þeim að kynna þann boðskap.

Landsnefndinni hefur tekist að vinna ötullega að markmiðum sínum á liðnu starfsári sem birtist hve skýrast í fjölgun félaga, stóruöknum framlögum stjórnvalda til UNIFEM og sívaxandi samstarfi og athygli einkageirans. Samvinna UNIFEM og stjórnvalda annars vegar og UNIFEM og kvennahreyfingarinnar hins vegar hefur átt ríkan þátt í góðum árangri félagsins.

Markmið okkar er að sjálfssögðu að félagið vaxi og dafni enn frekar og að Íslendingar haldi áfram að auka framlög sín til þróunarsamvinnu og UNIFEM sérstaklega. Lagt verður kapp á að vekja íslensk fyrirtæki til vitundar um samfélagslega ábyrgð sína, einkum þeirra sem njóta mikillar fjárhagslegri velgengni. Það hefur löngum verið sýnt fram á að fjárfesting í konum í þróunarlöndum skilar sér í bættu samfélagi fyrir alla. Segja má að UNIFEM gefi íslenskum fyrirtækjum tækifæri á því að stuðla að réttlátari og betri heimi.

Til þess að ná markmiðunum er nauðsynlegt að stjórn landsnefndarinnar haldi áfram að auka umsvif félagsins, fjölga félögum og vinna að átaki í fjáröflunarleiðum. Á árinu 2007 verður mesta áherslan lögð á kynningu á UNIFEM, landsnefndinni og á Ofbeldissjóð UNIFEM sem fagnar á árinu 10 ára afmæli sínu. Enda er öflug kynning forsenda aukinna umsvifa, fjölgunar félaga og árangursríkrar fjáröflunar á komandi ári, auk kynningarátaksins sem verður viðvarandi allt árið 2007. UNIFEM mun t.a.m. taka þátt í Kvinnahlaupi ÍSÍ á sumarmánuðum, þar sem þúsundir kvenna hlaupa í þágu UNIFEM og þess málstaðs sem félagið stendur fyrir. Fyrirhugað er að halda umfangsmikinn fjáröflunarviðburð á árinu, taka þátt í 16 daga átakanu og halda hinn árlega morgunverðarfund.